

Ed.

201. Lög

um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 4. ágúst).

1. gr.

Að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.